

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Teigahverfis, vestan Jónsteigs, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Teigahverfis, vestan Jónsteigs, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 18. september 2002.

Deiliskipulagið felur í sér fyrirkomulag íbúðarlóða á um 6,5 ha svæði, með samtals 122 nýjum íbúðum þar af 85 í fjölbýli. Á svæðinu eru fyrir 4 íbúðarhús. Skipulagssvæðið afmarkast af Reykjavegi til suðurs, Vesturlandsvegi til vesturs, Stekkjafliót til norðurs og Jónsteigi til austurs.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 29. nóvember 2002.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## REGLUGERÐ

### um skömmtnun lyfja.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi fjallar um skömmtnun lyfja. Með lyfi er átt við lyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi, lyf sem undanþága hefur verið veitt fyrir, sbr. ákvæði 8. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, lyf til klínískra prófana og forskriftarlyf, sem hægt er að skammta og falla undir skilgreiningu 5. gr. lyfjalaga.

Reglugerðin nær einnig til stakskömmtnunar lyfja og skömmtnunar í neyðarbakka, neyðartöskur eða neyðarvagna, lyfjakistur sjúkrabíla, flugvéla og skipa.

Um skömmtnun lyfja gilda reglur um framleiðslu lyfja eftir því sem við á hvað varðar aðstöðu, aðferðir og starfshætti við skömmtnunina. Hráefnið í framleiðsluna eru þau lyf sem eru skömmtnuð.

Lyfjatiltekt og skömmtnun lyfja í heimahúsi, sem heimahjúkrun annast, er undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

1. *Handskömmtnun lyfja:* Með handskömmtnun lyfja er átt við skömmtnun lyfja í skammtaöskjur í lyfjabúðum eða sjúkrahúsapótekum.
2. *Lyfjatiltekt:* Með lyfjatiltekt er átt við tiltekt á einstökum skammti lyfs handa einstökum sjúklingi, hverju sinni sem lyf er notað.
3. *Skammtaaskja:* Með skammtaöskju er átt við hentugar umbúðir eða ílát (afhendingarílát) sem lyfjum er skammtað í. Skammtaöskjur skulu vera hinar endanlegu umbúðir.
4. *Skömmtnun í skammtaöskjur:* Með skömmtnun í skammtaöskjur er átt við hvers kyns þökkun lyfja í sérstaka skammtaöskju fyrir tilgreindan sjúkling.